



Hörgársveit

Fréttabréf

19. janúar 2015 6. árgangur 1. tölublað

FRÁ MÖÐRUVALLAKLAUSTURSKIRKJU

Næstkomandi sunnudag, 25. janúar, kl. 14:00 verður barna- og fjölskylduguðspjónusta á Möðruvöllum.

Söngvar og gleði, sögur og fjör.

Sr. Oddur Bjarni og sr. Magnús G. Gunnarsson sjá um stundina. Tónlistaratriði frá **Tónlistarskóla Eyjafjarðar**. Fermingarbörn og foreldrar þeirra eru sérstaklega minnt á að mæta.

Allir hjartanlega velkomnir.

Aðalfundur

kirkjukórs Möðruvallaklausturssóknar

verður haldinn **26. janúar kl. 20:00** í Leikhúsinu Möðruvöllum.

Venjuleg aðalfundarstörf, kórfélagar eru hvattir til að mæta.

Æfingar hefjast 2. febrúar kl. 20 í Möðruvallakirkju. Áhugasamt söngfólk er hvatt til að líta á æfingu og heyra hvort starf kórsins er eitthvað sem geti hentað. Skemmtilegt starf er framundan og margt fleira með skemmtilegu fólki. Allir velkomnir.

Stjórnin

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 54 15. janúar 2015

Mætt voru: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir og Jón Þór Benediktsson

1. Fundargerð byggingarnefndar 16. desember 2014

Fundargerðin er í sjö liðum. Fimm þeirra varða Hörgársveit, um breytingar á húsnæði í Skjaldarvík, um breytingar á íbúðarhúsi í Grjótgarði, um breytingar á fjósi í Lönguhlíð, um viðbyggingu við hesthús á Syðra-Brekkukoti og um verbúð á Búðagötu 29, Hjalteyri.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 12. janúar 2015

Fundargerðin er í sjö liðum. Þar er ein tillaga til sveitarstjórnar um framkvæmdaleyfi fyrir afleggjara, grjótvörn og efnistöku í landi Krossastaða. Aðrir liðir fundargerðarinnar eru um matslýsingu umhverfismats vegna kerfisáætlunar Landsnets ohf., um lýsingu deiliskipulagsverkefnis á Hjalteyri, um framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðir á Skútum/Moldhaugum, um framkvæmdaleyfi fyrir geymslusvæði á Skútum/Moldhaugum, um kynningarfund um landsskipulagsstefnu og um umhverfisverðlaun.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um að hafna umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir afleggjara, grjótvörn og efnistöku í landi Krossastaða. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

3. Skipulagsfulltrúi

Rætt um ráðningu skipulagsfulltrúa í ljósi þess að ekki er útlit fyrir að samkomulag verði um að setja á fót embætti skipulags- og byggingarfulltrúa sameiginlega fyrir Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp.

Sveitarstjórn samþykkti að Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Svalbarðsstrandarhreppi verði tilkynnt að Hörgársveit hyggist skoða annað fyrirkomulag á starfrækslu embættis skipulags- og byggingarfulltrúa en það sem rætt hefur verið um undanfarna mánuði.

4. Laugaland, uppsögn leigusamnings

Lagt fram bréf, dags. 16. desember 2014, frá Norðurorku hf. þar sem sagt er upp leigusamningi um Laugaland milli Þelamerkurskóla og Legats Jóns Sigurðssonar frá 10. febrúar 1982.

Sveitarstjórn samþykkti að fyrirliggjandi uppsögn á leigusamningi um Laugaland verði mótmælt þar sem ekkert uppsagnarákvæði sé í honum og samningurinn því óuppsegjanlegur.

5. Berghóll II, sala

Rætt um hugsanlega sölu á Berghóli II til brottflutnings til Skútabergrs ehf. *Sveitarstjórn samþykkti að gerður verði samningur við Skútabergr ehf. um sölu og brottflutning á Berghóli II í samræmi við umræður á fundinum.*

6. Vaskárdalur, stofnun fasteignar

Lagt fram bréf, dags. 17. desember 2014, frá forsætisráðuneytinu, þar sem óskað eftir er eftir að stofnuð verði fasteign (þjóðlenda) í Vaskárdal. *Sveitarstjórn samþykkti að stofnuð verði fasteign (þjóðlenda) í Vaskárdal í samræmi við framlögð gögn, sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.*

7. Stígamót, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, dags. 10. desember 2014, frá Stígamótum þar sem óskað er eftir samstarfi um rekstur Stígamóta á árinu 2015. *Sveitarstjórn samþykkti að fyrirbyggjandi erindi Stígamóta verði hafnað.*

8. Landgræðsla ríkisins, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, dags. 12. desember 2014, frá Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir styrkveitingu vegna verkefnisins „Bændur græða landið“. *Sveitarstjórn samþykkti að verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 20.000 til verkefnisins „Bændur græða landið“.*

9. Greið leið, hlutafjárúkning

Lagt fram bréf, dags. 13. janúar 2015, frá Greiðri leið ehf. um árlega hlutafjárúkningu félagsins skv. lánasamningi Vaðlaheiðarganga hf. og ríkisins. Í bréfinu koma fram viðbótarupplýsingar við þær upplýsingar sem fram koma í bréfi félagsins, dags. 3. desember 2014, um stöðu á þeirri hlutafjárúkningu sem um ræðir. Forkaupsréttur Hörgársveitar á þeim hlutum sem eru óseldir er 159.110 kr. *Sveitarstjórn samþykkti að auka hlutafé sveitarfélagsins í Greiðri leið ehf. um 159.110 kr.*

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 12. febrúar í Þelamerkurskóla
Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 10. febrúar

Melablót 2015

Hið árlega Melablót verður haldið laugardaginn **31. janúar** kl.

20:30, húsið opnar kl. 20:00.

Fyrirkomulagið verður með hefðbundnu sniði, þorrablótsgestir koma með trogin sín full af þorramat og hnífapör að auki.

Miðapantanir hjá **Önnu Rós** og **Arnari** í sínum 846 7502, 865 3901 og 461 3901 mánudaginn 26. og þriðjudaginn 27. janúar milli kl. 19:00 og 21:00. Einngi er hægt að panta miða í netfanginu anna@thelamork.is. Miðaverð er 3.000 kr.

ÞORRABLÓT !!

Þorrablót Hörgársveitar verður haldið **7. febrúar** í íþróttahúsinu á Þelamörk. Húsið opnar kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:30.

Veislustjóri kvöldsins er **Rögvaldur gáfaði**.

Magni og Hvanndalsbræður leika fyrir dansi.

Frekari upplýsingar verða í Dagskránni og á facebook-síðunni "Þorrablót Hörgársveitar" sem við hvetjum ykkur til að vingast við.

Íbúar, brottfluttir sveitungar og gestir þeirra eru velkomnir á blótið !

Þorrablótsnefndin

Húsaleigubætur fyrir árið 2015

Þeir húsaleigubótaþegar sem ekki hafa nú þegar sótt um endurnýjun á húsaleigubótum fyrir árið 2015 verða að gera það strax til að greiðsla húsaleigubóta fyrir janúar frestist ekki. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Hörgársveitar, undir auglýsingar (vinstra megin).